

Fundargerð aðalfundar Hestamannafélagsins Sóta 2022.

Haldinn laugardaginn 10. desember 2022, í félagshúsi Sóta kl. 11:00.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf:

1. Stjórn leggur fram yfirlitsskýrslu um störf félagsins á árinu.
 2. Fram lagðir til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir umliðið ár.
 3. Kosning formanns, tveggja stjórnarmanna og tveggja í varastjórn
 4. Kosning endurskoðanda og til vara
 5. Kosning í nefndir sem aðalfundur ákveður að skulu starfa á vegum félagsins.
 6. Kosning fulltrúa á þing þeirra sambanda sem félagið er aðili.
- Kosningaréttur og kjörgengi í þessu tilviki er bundinn við félagsmenn 16 ára og eldri
7. Ákvörðun um árgjald félaga
 8. Önnur mál er félagið varðar.

Formaður Sóta, Jörundur Jökulsson, bauð alla velkomna og setti fundinn.

Jörundur stakk upp á Þorsteini Narfasyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Tók Þorsteinn við fundarstjórn og stakk hann upp á að ritari fundarins yrði Soffía Eydís Björgvinsdóttir og var það samþykkt.

Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og minnti félagsmenn á tilgang félagsins samkvæmt lögnum. Hann fór svo yfir dagskrá fundarins og gaf svo formanni stjórnar orðið.

1. **Jörundur Jökulsson, formaður stjórnar Sóta, kynnti skýrslu stjórnar félagsins** fyrir árið 2022. Hann fór yfir starfsemi félagsins á árinu, lýsti ánægju sinni með nýtingu reiðhallarinnar og áframhaldandi grósku í starfinu. Hann fór yfir samskipti stjórnar við sveitarfélagið í tengslum við breytingarnar á deiliskipulagi svæðisins, reiðvegi og reiðleiðir. Einnig ræddi hann keppnismálin og mótin sem hafi tekist vel. Hann var bjartsýnn á starfsemi félagsins til framtíðar og þakkaði öllum vel unnin störf.
2. **Elfur Erna Harðardóttir, gjaldkeri Sóta, lagði svo fram endurskoðaða reikninga félagsins.** Umræður voru um reikninga félagsins. Rætt um reiðhöllina og leiðréttingar á ársreikningi en nú er reiðhöllin komin inn í reikninga félagsins á svipuðu verði og fasteignamat stendur. Bent var á hvort uppfæra ætti einni verðmæti félagshússins og mun stjórn skoða það fyrir komandi starfsár. Fundarstjóri bar svo ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur.
3. **Næst var gengið til kosninga.** Kosið var til formanns, tveggja stjórnarmanna og tveggja varamanna í stjórn. Bæði formaður, Jörundur Jörundsson og aðrir stjórnarmenn gáfu áframhaldandi kost á sér. Öll þrjú, Jörundur ásamt Elfu Ernu Harðardóttur og Soffíu Eydísi Björgvinsdóttur, hlutu áframhaldandi kosningu. Formaður til eins árs og þær Elfur og Soffía til tveggja ára. Áfram sitja á sínu seinna ári þeir Þorsteinn Narfason og Einar Þór Jóhannsson. Sömu varamenn voru áfram kjörnir, Steinunn Guðbjörnsdóttir og Guðmundur Ragnarsson.
4. **Kjör skoðunarmanna.** Kjörnir voru Anney Bæringsdóttir og Sigurður Thoroddsen.
5. **Kjör í nefndir á vegum félagsins.** Kjörnir voru nefndarmenn í eftirtaldar nefndir: Reiðhallar- og vallarnefnd: Ari Sigurðsson, Jörundur Jökulsson, Jón Ingi Young, Nanna Björk Bárðardóttir, Einar Þór Jóhannsson, Valdimar Björn Guðbjörnsson, Guðmundur Böðvarsson, Högni Gunnarsson, Carsten Pedersen, Anna María Karlsdóttir. Húsnefnd/Félagshús: Nanna Björk Bárðardóttir, Steinunn Guðbjörnsdóttir, Guðmundur Ragnarsson, Ásdís Hreinsdóttir.

Æskulýðsnefnd: Elfur Harðardóttir, María Harðardóttir, Soffía Eydís Björgvinsdóttir, Erna Björk Jónasdóttir, Ásdís Hreinsdóttir. Mótanefnd: Haraldur Aikman, Tómas Guðmundsson, Nanna Björk Bárðardóttir, Birna Filippía Steinarsdóttir, Einar Þór Jóhannsson, Firmanefnd: Stjórn Sóta. Ferða og skemmtinefnd: Steinunn Guðbjörnsdóttir, Guðmundur Ragnarsdóttir, Margrét Lóa Björnsdóttir, Ari Sigurðsson, Haraldur Aikman, Hildur Sigurgrímsdóttir, Bergþór Júlíusson. Girðinganevnd: Stjórn Sóta. Fræðslunefnd: Elfur Erna Harðardóttir, María Harðardóttir, Sæbjörg Einarsdóttir og Einar Þór Jóhannsson. Heimasíða Sóta: Steinunn Guðbjörnsdóttir. Facebooksíða Sóta: Nanna Björk Bárðardóttir, Soffía Eydís Björgvinsdóttir. Innanfélagssíða Sóta á Facebook: Sæbjörg Einarsdóttir. Að lokum var ákveðið að sameina Reiðveganefnd og Öryggisnefnd undir nafninu Öryggis- og reiðveganefnd þar sem verkefni þeirra skarast mjög. Í nefndina voru kosin: Þorsteinn Narfason, Guðlaugur Jörundsson, Jón Trausti Gylfason, Elfur Erna Harðardóttir, Jörundur Jökulsson, Erna Björk Jónasdóttir og Steinunn Guðbjörnsdóttir.

6. **Kosning fulltrúa á þing sem Sóti á aðild að.** Samþykkt að fela stjórn að velja fulltrúa á þau þing sem félagið sendir fulltrúa á.
7. **Ákvörðun félagsgjalda.** Ákveðið að halda gjöldum óbreyttum. Eru núna: Einstaklingur: 8.000, Hjón: 7.500, Ungmennir: 3000kr, börn og unglingar frítt.
8. **Önnur mál.**
 - a. **Skýrslur nefnda.** María Harðardóttir flutti skýrslu bæði Æskulýðsnefndar og Fræðslunefndar og sagði frá starfi þeirra undanfarið ár en mikið hefur verið skipulagt að staðið að svo sem knapamerkjánámskeið og reiðnámskeið auk keppisnámskeiðs. Þorsteinn Narfason flutti einnig skýrslur Reiðveganefndar og Öryggisnefndar. Töluverðar umræður voru um reiðvegina á nesinu eða öllu heldur skort á reiðleiðum og ástandi reiðvega. Kallað var eftir því að niðurtaða fáist sem fyrst í reiðleiðir um svokallaðan Bessastaðahring og að kannað yrði áfram með fjölgun reiðleiða, svo sem á Bessastaðanesinu sjálfu. Þorsteinn sagði einnig frá verkefni sem er að fara af stað á vegum ráðherra þar sem verið sé að vinna að reiðvegaáætlun. Ekki hafði borist skýrsla frá Mótanefnd en fulltrúi úr nefndinni, Einar Þór Jóhannsson fór almennt yfir mótin og voru félagsmenn ánægðir með mótin og þátttöku í Landsmóti. Guðmundur Ragnarsson fór yfir vel heppnaða ferð á Löngufjörur á vegum Skemmtinefndar en Covid setti mark sitt á viðburði á vegum nefndarinnar framan af vetri. Allir viðstaddir voru bjartsýnir á að komandi ár yrði betra og hlökkuðu til næstu ferðar. Að loknum umræður um störf nefnda tók formaður aftur til máls og þakkaði nefndafólki öllu vel fyrir góð störf. Hann minnti nefndir á að skila áætlun um störf og viðburði á komandi ári og að stjórn myndi boða formenn til fundar í byrjun ársins.
 - b. **Umræður um reiðhöll.** Þorsteinn fór yfir málefni reiðhallarinnar hvað varðar aðgerðir til að lofta betur um höllina. Einnig var rætt um nauðsyn þess að laga rafmagn og reykskynjara.
 - c. **Umræður um deiliskipulag.** Rætt var um stöðu á nýju deiliskipulagi, hvað væri í því og hvað ekki. Framundan er fundur með sveitarfélaginu.
 - d. **Námskeið og fræðsla.** Rætt var um námskeið á næstu mánuðum, kallað var eftir bæði styttri námskeiðum og helgarnámskeiðum, bæði verklegum og fræðslufundum.

Fundarstjóri hvatti gesti til að sitja áfram og njóta veitinga sem yrði boðið upp á að loknum fundi, en boðið yrði upp á jólahlaðborð sem Bergþór Júlíusson hirðkokkur Sóta sá um.

Hann óskaði eftir leyfi fundarins til þess að ganga frá fundargerð sem var veitt.

Fundi slitið kl. 12:30

Þorsteinn Narfason

Soffía Eydís Björgvinsdóttir